18 MORGUNBLADID, FÖSTUDAGUR 14. MAÍ1982

Stjörnubío sýn-
ir „Sá næsti"
STJÖRNUBÍÓ byrjar í dag sýningar á
bandariskri kvikmynd, „Sá næsti",
með Sean ('onnery og Corneliu
Sharpe í aðalhlutverkum en leikstjóri
er Richard Sarafian. Samkvæmt

kynningu bíósins er hér um ad ræða
stórmynd um astir, spillingu og
hryðjuverk.
I efnisyfirliti segir svo m.a.:
„Leyniþjónustumenn austurs og
vesturs eru áhyggjufullir. Grípa
verður til örþrifaráða. Þrír leiðtog-
ar arabaþjóða hafa gerst sekir um
samsæri gegn OPEC, samtökum
olíuframleiðenda í austri. Þeir hafa
komið á fót 40 olíuhreinsunarstöðv-
um-og hafa í hyggju að selja hrá-
efnið hverjum þeim er þess þarfn-
ast, utan allra samtaka og án leyfis
annarra landa.

Þessir þrír menn verða að hverfa,
öðrum til varnaðar."

Vorkappreiðar
Fáks á morgun
Vorkappreiðar Fáks verða haldnar
laugardaginn 15. maí að Víðivöllum
og hefjast þær kl. 14.30. Þetta verða
fyrstu kappreiðar ársins og er fjnldi
keppnishesta nokkuð á annað
hundrað.
Eins og kunnugt er verður
landsmót hestamanna í sumar.
Eins og ævinlega þegar stór mót
eru framundan, þá er mikil eftir-
vænting meðal hestamanna að
fylgjast með einstökum keppnis-
greinum. Reynt er að geta sér til
hverjir séu líklegastir til að
blanda sér í baráttuna um toppinn
á landsmóti. Af skráningum er
ljóst að óvenju mikið er af nýjum
hestum í flestum keppnisgreinum.
I hverri grein má þó þekkja nöfn
margra þeirra sem helzt komu við
sögu sl. sumar. Hvorki Skjóni né
Fannar munu þó mæta til leiks í
skeiðinu og er efalaust að úrslita
þar verður beðið með mestri
spennu.
Til að auka á spennuna verður
veðbanki Fáks starfræktur að
venju. Þá verður forvitnilegt að
sjá hvernig nýjum knöpum reiðir
af, því með samþykkt síðasta árs-
þings LH hækkuðu aldursmörk
þeirra í 16 ár og eru þar með flest-
ir helztu knapar kappreiðahrossa
frá síðasta ári úr leik.
(Fréttitilkynning)

Samband byggingar-manna hefur ekki

boðað verkfall
— heldur einstök félög innan sambandsins
í fréttatilkynningu, sem Mbl. barst í
gær sogir, að Samband byggingarmanna
hafi ekki boðað verkfall 18. maí nk. eins
og fram hafi komið i fréttum heldur
cinslok félög innan sambandsins.
í fréttatilkynningunni segir:
Með samstarfsyfirlýsingu dags. 7.
þ.m. gerðu eftirtalin félög byggingar-
iðnaðarmanna með sér samkomulag
um skipun sameiginlegrar nefndar til
að ræða við vinnuveitendur um eftir-
talin atriði:

a) Leiðréttingu á skerðingu reikni-
talna ákvæðisvinnu.
b) Leiöréttingu á kaupmætti tíma-
kaups. Stefnt skal að því, að kaup-
máttur timakaups verði ekki lak-
ari en hann var með meðaltali á
árinu 1974.

c) Aukningu orlofsréttar. Stefnt skal
að því að laugardagar falli út sem
orlofsdagar og orlofsfé hækki sem
því nemur.
d) Endurskoðun núgildandi launa-
flokkakerfis. Meginmarkmið í því
sambandi verði aukið tillit til
verkmenntunar iðnaðarmanna og
reynslu þannig að aldursþrepum
verði fjölgað.

e

) Öryggismál á vinnustöðum. í því
efni skal stefnt að bættum aðbún-
aði og aukinni fræðslu og tryggt
verði að vinnuveitendur leggi sitt
af mörkum í þvi efni en standi
ekki gegn slíkri starfsemi.
I því skyni að knýja á um leiðrétt-
ingu varðandi þessi atriði og gerð
nýrra kjarasamninga án frekari tafar
hafa félögin komið sér saman um
samræmdar verkfallsaðgerðir og er
upphaf þeirra vinnustöðvun sú sem
boðuð hefur verið þann 18. maí og
þegar hefur verið skýrt frá í fjölmiðl-
um.

Félögin eru þessi: Trésmiðafélag
Reykjavíkur, Múrarafélag Reykjavík-
ur, Veggfóðrarafélag Reykjavíkur,
Málarafélag Reykjavíkur, Sveinafé-
lag pípulagningarmanna, Trésmiða-
félag Akureyrar, Trésmiðafélag
Akraness, Félag byggingariðnaðar-
manna í Hafnarfirði, Félag bygg-
ingariðnaðarmanna í Arnessýslu,
Iðnsveinafélag Suðurnesja, Iðn-
sveinafélag Fljótsdalshéraðs,
Iðnaðarmannafélag Rangæinga,
Byggingarmannafélagið Árvakur,
Sveinafélag húsgagnasmiða, Sveina-
félag bólstrara.

m

"

ím. aw9

1

* . *

yis^^i

i i.

Kim Larsen (fyrir miðju) ásamt hljómsveit sinni Jungle Dreams.

Danski rokkarinn Kim

Larsen væntanlegur
DANSKA rokkstjarnan Kim Larsen er væntanleg hingað til lands á næstu dögum. Mun Larsen halda tvenna tónleika í Broadway dagana
21. og 22. þessa mánaðar, ásamt hljómsveit sinni, Jungle Dreams. Larsen þessi var um langt ára- ur vakið athygli vestanhafs und-bil höfuðpaur vinsælustu anfarið. Hann flutti til New popphljómsveitar Dana, Gasol- York fyrir um ári síðan og hefur in. Gaf hljómsveitin út 11 gefið út eina plötu á merki Epic, breiðskífur á meðan Larsen var í þekkts útgáfufyrirtækis. Með henni og seldust þær allar mjög Larsen í Jungle Dreams eru fjór-vel. Hljómsveitin hætti síðan ir velþekktir popparar.
störfum fyrir réttum þremur ár- Kunnastur þeirra er vafalítið um. Joe Delia, sem unnið hefur mikið

Larsen hóf þá sólóferil og til með fólki á borð við Janis Ian, þessa hefur gæfan brosað við Stevie Wonder, Pat Benatar og honum. Á Norðurlöndum hafa fleirum, Abe Speller, Richie plötur hans selst í meira en 3 Blackmore (ekki þó sá hinn eini milljónum eintaka og hann hef- sanni) og Dennis Espantman.

Haukur Dór á

Kjarvalsstöðum
Laugardaginn 8. maí opnaði
Haukur Dór sýningu á teikningum
og keramik á Kjarvalsstöðum.
Haukur Dór hefur dvalið í Banda-

ríkjunum sl. ár við nám og starf
og er þessi sýning árangur þeirrar
dvalar. Sýningu Hauks lýkur að
kvöldi 23. maí. Frá fundi KRFÍ með kvenframbjóðendum fyrir Alþingiskosningarnar 1979. Fundurinn var fjölsóttur.

KRFI heldur framboðsfund á morgun

Kvenréttindafélag íslands gengst
fyrir framboðsfundi að Hótel Borg
laugardaginn 15. maí nk. kl. 14.30
vegna borgarstjórnarkosninganna í
Reykjavik 22. maí 1982.
Tilgangur fundarins er að
kynna þær konur sem í framboði
eru og kynnast stefnumálum
þeirra.
Frummælendur eru: frá Al-

þýðuflokki: Sjöfn Sigurbjörnsdótt-

ir og Guðríður Þorsteinsdóttir, frá
Alþýðubandalagi: Guðrún Ág-
ústsdóttir og Álfheiður Ingadóttir,
frá Framsóknarflokki: Gerður

Steinþórsdóttir og Sigrún Magn-
úsdóttir, frá Kvennaframboði í
Rvík: Sigríður Dúna Krist-
mundsdóttir og María Jóhanna
Lárusdóttir, frá Sjálfstæðisflokki:
Ingibjörg Rafnar og Katrín
Fjeldsted.

Að loknum framsöguræðum
verða leyfðar fyrirspurnir og um-
ræður, en í lok fundarins fær hver
flokkur 3—5 mínútur til ráðstöf-
unar í ræðustóli.

Áætlað er að fundinum ljúki kl.
18.00.

Öllum er heimill aðgangur með-
an húsrúm leyfir.

Fundur með

frambjóðendum:

Kirkjan í
borginni

Laugardaginn 15. maí gengst
Reykjavíkurprófastsdæmi fyrir fundi
með fulltrúum frambjóðenda við
borgarstjórnarkosningarnar i vor.
Munu oddvitar listanna flytja ávörp
og síðan sitja fyrir svörum.

Fundurinn er opinn öllum þeim,
sem hafa áhuga á stöðu kirkjunnar
í borginni og vilja fræðast um af-
stöðu frambjóðendanna til hins
kirkjulega starfs og þeirra menn-
ingar- og líknarmála, sem kirkjan
telur miklu skipta.

Fundurinn hefst kl. 10 árdegis og
verður í safnaðarheimili Bústaða-
kirkju við Tunguveg og eru allir vel-
komnir meðan húsrúm leyfir.

Kjarvalstaðir:

Yfirlitssýning á verkum Kurt Zier
MYNDLISTA- og handíðaskóli fslands efnir nú til yfirlitssýningar í
vestursal Kjarvalsstaða á verkum fyrrverandi skólastjóra síns, Kurt Zier,
en hann vann að uppbyggingu Myndlista- og handíðaskólans frá stríðs-
byrjun 1939 og fram til 1949 með Lúðvigi Guðmundssyni stofnanda og
fyrsta skólastjóra Handiðaskólans, eins og skólinn hét í þá daga.

Það var Lúðvig, sem fékk Kurt
Zier, þá landflótta undan ógnum
nasismans til að taka að sér
kennslu við skólann, en Zier hafði
verið aðalkennari við Ecole Inter-
nationale í Genf í myndlist og
handíðum áður en hann kom
hingað til lands. Eftir stríðið eða
1949 hvarf Zier aftur til Þýska-
lands og gerðist þar skólastjóri
Odenwald-skólans. Árið 1961 þegar
Lúðvig Guðmundsson lét af störf-
um sökum heilsubrests kom Kurt
Zier aftur til landsins og tók við
stjórn Myndlista- og handíðaskól-
ans fyrir eindregin tilmæli Lúð-
vigs.

I ávarpsorðum sínum í sýn-

ingarskrá segir Einar Hákonarson
skólastjóri Myndlista- og handíða-
skólans m.a.: „Kurt Zier var úrvals
skólamaður og stjórnaði skóla sín-
um af festu og ákveðni. Ég var
einn af þeim lánsömu að vera und-
ir handleiðslu hans fyrstu ár mín í
listnámi. Ég minnist þess nú, að
þeir grunnþættir, sem hann hélt að
okkur þá, hafa orðið gott vega-
nesti, enda hafa þeir lifað af allan
timann síðan, og eru enn grunn-
þættir í kennslu skólans."

Kurt Zier hélt aldrei sýningu á
Islandi meðan hann var hér, þó
hann hafi unnið ötultega að mynd-
list samhliða skólastjórn og
kennslu. Þær myndir, sem til sýnis

eru á Kjarvalsstöðum eru valdar
úr miklum fjölda verka er hann lét
eftir sig en hann lést 1969.

Vorið 1981 er ekkja Kúrt Zier,
frú Lotta Zier, var hér í heimsókn
fæddist hugmyndin að sýningunni.
Lotta Zier verður við opnun sýn-
ingarinnar á laugardaginn 15. maí
kl. 16.00 að Kjarvalsstöðum, í vest-
ursal, en menntamálaráðherra
Ingvar Gíslason opnar sýninguna.
Morgunblaðið náði tali af frú Lottu
Zier á Kjarvalsstöðum í gær, en
hún er líffræðingur að mennt og
spurði hana fyrst hvernig henni
hafi þótt að koma til íslands á
þessum árum.

„Ég var stórhrifin af að fara til
íslands," sagði Lotta. „Ég kom hér
mánuði á eftir Kurt, því ég ætlaði
að læra í Englandi, en þá kom
stríðið og ég fór beint til íslands.
Kurt var geysilega fjölbreyttur
listamaður. Hann var góður á

mörgum sviöum listarinnar, og það
háði honum held ég að hann gat
ekki fest sig við neitt ákveðið.
Hann vildi vera kennari, málari,
leikari og tónlistarmaður og margt
fleira. Þegar hann kom síðast. til
Þýskalands 1969 hafði hann ákveð-
ið að vera bara málari og hann
innréttaði vinnustofu, en dó svo
skömmu seinna.
En Kurt var mikill kennari. Og

hann var stórhrifinn af íslandi.
Alltaf þegar hann var í Þýskalandi
sagði hann að sig langaði til ís-
lands og þegar hann var á íslandi
sagði hann að sig langaði til
Þýskalands."

— Hver er tilurð þessarar sýn-
ingar?
„Ég kom hingað til íslands í
fyrra og hitti þá marga gamla
nemendur Kurts og kennara við
skólann og við töluðum um hitt og
þetta og ég sagði þeim frá því að ég
ætti mikið til af myndum eftir
Kurt á heimili mínu í Þýskalandi
og þeir báðu mig um að mega setja
upp sýningu á verkum hans hér.
Það var auðsótt mál.

Kurt hafði ekki gaman af að
halda sýningar á verkum sínum,
því hann vildi alltaf gera betur og
fullkomna þau. Það er líka af þeim
sökum sem hann merkir svo fáar
myndir sínar. Hann vildi alltaf
gera betur," sagði Lotta Zier í lok-
in.

Á sýningunni eru 115 verk, mest
blýantsteikningar og svartkrítar-
teikningar, en einnig olíumálverk
og vatnslitamyndir. Allar mynd-
irnar eru í eigu Lottu Zier.